

# Svengdar- og seddukvarðinn

Svengdar- og seddukvarðinn er notaður til að meta svengd og seddu fyrir og eftir máltíðir og meðan á máltíð stendur.

Markmiðið er að forðast dökku svæðin á kvarðanum með því að hlusta vel á líkamann og merki um svengd og seddu. Ráðlagt er að halda sig á bilinu 4-7 á þessum kvarða og hætta að borða áður en komið er á stig 8-10. Mikilvægt er að borða reglulega, hægt og án truflana og þann skammt sem er við hæfi á hverjum tíma. Gott er að taka reglulega hlé meðan á máltíð stendur og meta seddu út frá kvarðanum.

**2- Mjög mikil svengd:** Mikið garnagaul. Þú finnur fyrir pírringi, einbeitingarleysi og orkuleysi.

**4 - Svengd:** Þú finnur fyrir smá svengd en líður ekki illa. Tímabært er að huga að næstu máltíð.

**6 - Ágætt:** Þér líður vel. Þú finnur fyrir smá seddu en hefur pláss fyrir meira.

**8 - Mikil sedda:** Þú borðaðir aðeins of mikið. Þú finnur fyrir smá óþægindum.

**10- Yfirþyrmandi sedda:** Þú borðaðir allt of mikið. Þú finnur fyrir miklum óþægindum og sársauka. Þér líður illa, ert með ógleði og finnst þú geta kastað upp.



**1 - Svelti:** Þú finnur fyrir mikilli svengd. Þú ert með svima, höfuðverk og máttleysi vegna hungurs.

**3 - Mikil svengd:** Þú finnur fyrir talsverðri svengd og garnagauli. Komin er tími til að fá sér að borða.

**5 - Hlutlaust:** Þú finnur hvorki fyrir svengd né seddu.

**7 - Sedda:** Þú finnur fyrir 100% seddu og þarf ekki að borða meira. Þú munt ekki finna fyrir svengd næstu klukkustundirnar.

**9 - Mjög mikil sedda:** Þú ert búin að fylla þig líkamlega. Þú finnur fyrir ónotum og ógleði.

Mynd: Svengdar- og seddukvarðinn. Fenginn og þýddur með leyfi frá af [www.bariatricsurgerynutrition.com](http://www.bariatricsurgerynutrition.com)